



ÁRSSKÝRSLA 2017-2018

Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar

EFNISYFIRLIT

Ávarp framkvæmdastjóra	3
Ávarp stjórnarformanns	4
Yfirlit: Starf stjórnar frá maí 2017 til maí 2018.....	5
Kosning til fulltrúaráðs: Niðurstöður.....	5
Fjöldi meðlima og verka á skrá.....	6
Heiðursmerki STEFs.....	6
Langspilið - verðlaun STEFs.....	7
Helstu verkefni starfsársins:	
Framkvæmdir að Laufásvegi 40 og flutningur í Ármúla.....	7
Breytingar á samþykktum.....	8
Auðveldari skráning verka og tilkynninga.....	9
Þjónustukönnun.....	9
Hagtölur íslenskrar tónlistar.....	9
Viðburðir af ýmsum toga:	
Menningarnótt.....	10
Ertu þinn eiginn umboðsmaður?.....	10
Góð upplifun - framtíð viðskipta.....	10
Höfundaréttarstefna - málþing.....	10
Útgáfa nótna og umboðsmennska.....	10
Vinnustofur með tónlistarráðgjöfum.....	11
Dagur íslenskrar tónlistar.....	11
Íslensku tónlistarverðlaunin.....	11
Ráðstefna um höfundarétt og gervigreind.....	11
Afmæli STEFs.....	12
Fræðslukvöld með ÚTÓN um samningagerð.....	13
Eintakagerð til einkanota (IHM).....	13
Fjölís.....	13
Ráðstöfun menningarframlags STEFs af hálfu aðildarfélaganna:	
Greinargerð frá Tónskáldafélagi Íslands.....	14
Greinargerð frá Félagi fónskálda of textahöfunda.....	15
Nokkrar lykiltölur úr ársreikningi 2017.....	16-19

ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA

Tónlistarheimurinn breytist stöðugt og höfundaréttarsamtök verða að geta fylgt breytingunum eftir. Sem dæmi gerir tækni á borð við gervigreind mönnum nú kleift að skapa tónlist á nýjan hátt, sem m.a. vekur áleitnar spurningar um höfundarétt. Það er kunnara en frá þurfi að greina að neysla og miðlun tónlistar hefur breyst mikið hin seinni ár. Sífellt fleiri nýta sér þjónustu streymisveitna og hafa tekjur af streymi aukist mjög greinilega á undanförunum misserum, þó enn séu tekjur höfunda af streymi mun lægri en þær voru þegar hljómplötur voru ráðandi á markaði.

Samhliða tækniframþróun og aukinni netmiðlun tónlistar hafa orðið miklar framfarir í því að „merkja“ tónverk með rafrænum hætti, sem meðal annars auðveldar hlutaðeigandi að komast að því hvar þau hafa verið spiluð. Hefur fjöldi tæknifyrirtækja sprottið upp í þessum geira, sem öll segjast bjóða upp á bestu lausnina. STEF hefur, líkt og mörg önnur höfundaréttarsamtök, kynnt sér og íhugað hvort tækni eins og „Blockchain“ muni gagnast í upplýsingaskiptum og uppgjörum milli höfundaréttarsamtaka. Sitt sýnist hverjum í því sambandi.

Eitt helsta vandamálið í þessum efnum er að alþjóðasamtök höfunda hafa ekki sett sér staðla eða viðmið hvað þetta varðar og virðist hver í sínu horni að reyna að finna bestu lausnina, í stað þess að sameinast um eina tæknilega lausn og vinna saman sem heild með sama kerfi. Ef ekki verður úr þessari flækju greitt fyrr en síðar, er ekki ólíklegt að stærstu höfundar og forleggjarar heimsins, sem nú þegar fá meirihluta streymistekna, komi sér upp eigin tæknilausnum og kljúfi sig frá samstarfi við aðra höfunda. Slíkt mun væntanlega þýða að þeir stóru verða enn stærri, það mun draga úr „kollektífri“ starfsemi og erfiðara verður fyrir minni höfunda og þá sem eru að hefja sinn feril að fá greitt fyrir sín verk.

... Á fundi með erlendum starfsfélögum í haust, þar sem tækniframfarir voru til umræðu, kom sú spurning upp hvort þörf yrði fyrir höfundaréttarsamtök í framtíðinni ...

Á fundi með erlendum starfsfélögum í haust, þar sem tækniframfarir voru til umræðu, kom sú spurning upp hvort þörf yrði fyrir höfundaréttarsamtök í framtíðinni, ef tæknin byði upp á milliliðalausar greiðslur. Töldu fundarmenn að það yrði einkum á vettvangi samninga við notendur og á sviði stjórnmalanna sem slík félög hefðu áfram ótvírætt verk að vinna í ljósi sameiningarkrafts. Höfundaréttarsamtök og höfundar þurfa þó að marka sér skýra stefnu í því hvort þeir vilji vera með sameiginlega innheimtu eða ekki í framtíðinni. Í þessu sambandi er vert að minna á að erjur og óeining meðal höfundaréttarsamtaka og aðildarfélaga þeirra draga óneitanlega úr sameiningarkraftinum og ekki verður jafn aðlaðandi og ella fyrir höfunda að taka þátt í félagsstarfi þeirra eða að gerast meðlimir í slíkum samtökum.

Takk fyrir áhuga þinn á málefnum STEFs. Ég vona að þú njótir þess að lesa hér um helstu verkefni síðasta starfsárs STEFs og rekstrarniðurstöður þess sem ég og starfsfólk samtakanna erum sérlega stolt af. Höldum áfram að vinna saman að málefnum samtakanna á þessum spennandi tímum tækniframfara og breytinga í sögu tónlistar.

Reykjavík, 29. maí 2018

Með góðri kveðju,



Guðrún Björk Bjarnadóttir

HORFT UM ÖXL TIL HEILLAÁRS

Formaður STEFs kveður „í runni og kvakar í mó“

Árið 2017 reyndist STEFi hagfellt. Enn eitt almanaksárið hvar tekjur og úthlutanir uxu umtalsvert milli ára, eins og vera ber. Kraftmikið tónleikahald og útgáfustarf héraðs og erlendis (u.þ.b. 1.500 tónleikar íslensks tónlistarfólks á erlendri grundu), áherslubreytingar og hagræðing rekstrar og uppfærsla gjaldskráa, svo nokkuð sé nefnt, skilar höfundum STEFs nú meiri tekjum en nokkru sinni í 70 ára sögu samtakanna. Sitthvað hefur nýverið áunnist í baráttunni fyrir betra starfsumhverfi höfunda og tónlistarfólks á Íslandi:

- Ný lög um 25% endurgreiðslu kostnaðar við gerð hljómríta eru þau fyrstu sinnar tegundar í heiminum - í senn hvati til nýsköpunar og aukningar höfundartekna.
- Nýr Hljóðritasjóður hefur sömuleiðis örvað höfunda og flytjendur til dáða í gangverki sem til skamms tíma var smurt og rekið af hljómplötuútgefendum, en er í dag einkum handknúið af tónlistarfólkinu sjálfu.
- Sama má segja um Tónskáldasjóð Ríkisútvarpsins og STEFs sem nú eftir sameiningu Tónskáldasjóða RUV & Rásar 2 er öflugri hvati til sköpunar nýrra verka en nokkru sinni.

Þá hefur áralangt baráttumál STEFs loks ratað í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Íslands; Lög er kveða á um að höfundaréttur skuli jafngildur öðrum eignarétti og þar með skattlagður sem slíkur - sem fjármagnstekjuskattur. Í þessu felst umtalsverð hagsbót fyrir höfunda, en íslensk stjórnvöld eru þau fyrstu í heiminum til að túlka höfundarrétt með þessum hætti.

Af öðrum fagnaðarefnum mætti nefna hina langþráðu lausn í málefnum IHM - Innheimtumiðstöðvar gjalda (gamla kassettugjaldið), en þar náðum við verulegri leiðréttingu sem glöggt má nú sjá stað í ársskýrslu STEFs fyrir 2017.

... kjarni þessara breytinga lýtur að auknu gegnsæi og réttlæti gagnvart öllum höfundum, óháð smekk eða stíl ...


Skilaboð frá Evrópu

Tveggja ára vinna svonefndrar Evrópunefndar er senn að baki, en hún tengist tilskipun Evrópuþingsins um innleiðingu nýrra leikregla innheimtustofnana á borð við okkar. Um þessar tímabæru breytingar á innra regluverki STEFs hefur að undanförunu allnokkuð verið fjallað á vettvangi fulltrúaráðs STEFs, á stjórnarfundum STEFs og aðildarfélaganna TÍ og FTT. Kjarni þessara breytinga lýtur að auknu gegnsæi og réttlæti gagnvart öllum höfundum, óháð smekk eða stíl. Farsæl niðurstaða aðildarféлага STEFs, stjórnar STEFs og fulltrúaráðs í þessu máli er afar mikilvæg og mun, ef vel tekst til, laða fleiri öflugra höfunda að samtökunum og afla þeim aukinna tekna.

Við höfum um margt gengið til góðs á undangengnum misserum og árum. Sá sem þetta ritar lætur senn af formennsku í STEFi. Hér skal ekki látið hjá líða að þakka því góða starfsfólki sem starfar hjá STEFi fyrir sín heillaríku störf. Þeim góða árangri sem hér blasir við hefðum við aldrei náð nema með sívakandi auga og vinnufúsri hönd innanbúðarfólksins í STEFi.

Félögum mínum í stjórn vil ég og færa alveg sérstakar þakkir fyrir skemmtilega og árangursríka vegferð. Megi STEF halda áfram að þróast og dafna um ókomin ár í þágu íslenskrar tónlistar, höfunda hennar og atfylgisfólks.

Reykjavík, 30. maí 2018



Jakob Frímann Magnússon
formaður STEFs

YFIRLT: STARF STJÓRNAR FRÁ MAÍ 2017 TIL MAÍ 2018

Í stjórn STEFs á liðnu starfsári áttu sæti:

Jakob Frímann Magnússon, formaður

Kjartan Ólafsson, varaformaður

Þórunn Gréta Sigurðardóttir

Sigurður Flosason

Atli Heimir Sveinsson

Bragi Valdimar Skúlason

Óttarr Ó. Proppé (sagði sig úr stjórn er hann tók við ráðherraembætti og í hans stað tók sæti varamaður hans, Ólafur Arnalds)

- Varamenn í stjórn voru Margrét Kristín Sigurðardóttir, Sóley Stefánsdóttir, Gunnar Andreas Kristinsson, Bragi Valdimar Skúlason (var bæði aðalmaður og varamaður um leið) og Þuríður Jónsdóttir.
- Á starfsárinu voru haldnir alls 10 stjórnarfundir.
- Haldinn var opinn fundur fyrir meðlimi STEFs og aðra áhugasama þann 24. maí 2017 þar sem ársreikningur og ársskýrsla s.l. starfsárs var kynnt.

Aðalfundur fulltrúaráðsins var haldinn þann 18. maí 2017, en auk þess fundaði fulltrúaráðið bæði þann 18. desember 2017 og 8. maí 2018. Á báðum þessum fundum voru kynnt drög að breytingum á samþykktum STEFs. Að hluta til eiga fyrirhugaðar breytingar rót sína að rekja til Evróputilskipunar um réttthafasamtök, sem Íslandi ber að innleiða sem hluta af skuldbindingum vegna EES-samningsins. Hefur Evrópunefnd STEFs, sem í sátu Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Hafdís Bjarnadóttir og Atli Ingólfsson, haft veg og vanda af þessum breytingum í nánu samráði við stjórn STEFs. Atli Ingólfsson tók sæti Óttarrs Proppé í nefndinni, þegar sá hinn síðarnefndi tók við embætti ráðherra í ríkisstjórn. Er þessum nefndarmönnum þakkað afskaplega vel unnið starf, en alls hefur nefndin fundað yfir tuttugu sinnum á s.l. tveimur árum.

Kosningar í fulltrúaráð

Kosningar í fulltrúaráð STEFs til næstu tveggja ára áttu sér stað í marsmánuði 2018. Sautján framboð bárust og á kjörskrá voru 734. Alls tóku 143 réttthafar þátt í kosningunni. Kjörsókn var því 19%.

Eftirfarandi sjö aðilar hlutu kosningu:

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson (FTT)

Björgvin Halldórsson (FTT)

Óttarr Proppé (utan félaga)

Páll Ragnar Pálsson (TÍ)

Salka Sól Eyfeld (utan félaga)

Snorri Helgason (FTT)

Sigurður Rúnar Jónsson (utan félaga)

Af hálfu FTT voru tilnefnd í fulltrúaráð til næstu tveggja ára:

Bragi Valdimar Skúlason
Jakob Frímann Magnússon
Sigurður Flosason
Hafdís Huld Þrastardóttir
Sóley Stefánsdóttir
Gunnar Þórðarson
Þórir Baldursson

Af hálfu TÍ voru tilnefnd í fulltrúaráð til næstu tveggja ára:

Þórunn Gréta Sigurðardóttir
Atli Ingólfsson
Gunnar Andreas Kristinsson
Hafdís Bjarnadóttir
Hildigunnur Rúnarsdóttir
Hjálmar H. Ragnarsson
Lárus Grímsson

Fjöldi meðlima og verka á skrá

Um áramótin 2017-2018 voru **81.550** verk á skrá hjá STEFi. Á árinu 2017 fjölgaði verkum um **5.612**, sem er metfjölgun á einu ári. Í árslok 2017 voru **6.939** höfundar á skrá. Á árinu fjölgaði meðlimum um **278** og er það einnig met. Það er sérlega ánægjulegt hversu vel gengur að fjölga í hópi meðlima STEFs og að ná til nýrrar kynslóðar tónhöfunda.



Heiðursmerki STEFs

Á starfsárinu var tveimur meðlimum veitt heiðursmerki STEFs. Annars vegar hlaut **Ingibjörg Þorbergs** heiðursmerkið á 90 ára afmæli sínu þann 25. október 2017 og hins vegar **Atli Heimir Sveinsson** í 70 ára afmælishófi STEFs, sem haldið var 18. apríl 2018. Synir Atla tóku við merkinu fyrir hönd föður síns, sem síðar á árinu fagnar 80 ára afmæli.

Langspilið – verðlaun STEFs



Hildur Guðnadóttir hlaut Langspilið við athöfn þann 14. maí 2018.

Langspilið er veitt árlega höfundi sem þykir hafa skarað fram úr og náð eftirtektarverðum árangri á síðastliðnu ári. Gripurinn er íslenskt langspil sem árlega er sérstaklega smíðað fyrir STEF af Jóni Sigurðssyni á Þingeyri.

Langspilið var fyrst veitt árið 2015 og hlaut þá **Ólafur Arnalds** verðlaunin. Ári síðar hlaut **Ásgeir Trausti** þau og **Barði Jóhannsson** árið 2017.

Hildur er tónskáld, sellóleikari og söngvari. Hún vakti fyrst athygli með hljómsveitinni *Múm*, en hefur síðan átt athyglisverðan sólóferil. Hún hefur

gefið út fjórar sólóplötur og allnokkrum sinnum verið tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna. Hildur hefur þó ekki síst vakið athygli fyrir tónlist sína í leikverkum, dansverkum og fyrir kvikmyndir og sjónvarpsþætti. Hildur kom meðal annars að gerð tónlistar fyrir kvikmyndirnar *Sicario*, *Soldado*, *Mary Magdalene* og *Strong Island*, sem tilnefnd var til Óskarsverðlauna, svo og gerð tónlistar fyrir sjónvarpsþáttaröðina *Handmaid's Tale*. Fyrir tónlist sína í kvikmyndinni *Eiðnum* hlaut Hildur Edduverðlaunin 2017. Nú í apríl hlaut Hildur sérstök verðlaun á Beijing-kvikmyndahátíðinni fyrir tónlist sína við bresku kvikmyndina *Journey's End*.

Helstu verkefni starfsársins

Framkvæmdir að Laufásvegi 40 og flutningur í Ármúla 7

Þann 5. ágúst 2017 flutti STEF starfsemi sína í Ármúla 7, en um vorið hafði verkfræðistofan EFLA staðfest að umtalsverða myglu væri að finna að Laufásvegi 40 vegna lekaskemmda víða um húsið. Í framhaldinu vann verkfræðistofan Verksýn nákvæmari ástandsskoðun og greiningu sem sýndi að lekinn væri tilkominn vegna umbúnaðar í kringlum glugga, en þeir voru verulega komnir til ára sinna og minniháttar lekaviðgerðir í gegnum árin ekki skilað nægilegum árangri. Auk þess sýndi skoðunin að þörf væri á að skipta um þakjárn og endursteypa upp þakkant og svalir, auk annarra minniháttar steypuskemmda.

Ákveðið var því að flytja starfsemina tímabundið í leiguhúsnæði í eigu Reita að Ármúla 7. Flutningarnir gengu afskaplega fljótt og vel fyrir sig. Allur skrifstofubúnaður sem fluttur var í Ármúlan var sérstaklega mygluhreinsaður, en ákveðið var að skilja eftir allt það sem starfsemin þurfti ekki nauðsynlega á að halda. Þá voru skildar eftir hillur, skápar og borð, en þess í stað keypt minni, léttari og hækkanleg borð fyrir starfsfólk.

Eftir kostnaðaráætlanagerð var farið í útboð og hófust viðgerðir að Laufásvegi upp úr áramótum. Hefur verið unnist vel og er á áætlun. Eftir að stjórn hafði skoðað gaumgæfilega aðra kosti fyrir skrifstofu STEFs, jafnt mögulega sölu á fasteigninni sem leigu, var ákveðið að starfsemi STEFs myndi flytjast aftur að Laufásvegi að viðgerðum loknum. Var jafnframt ákveðið að nota tækifærið til að gera nokkrar breytingar innanhúss, þannig að húsnæðið hentaði betur starfseminni. Líklegt er að endanlegur kostnaður við framkvæmdir utan- og innanhúss verði um 50 milljónir króna.

Breytingar á samþykktum

Á starfsárinu hefur farið mikill tími í að vinna tillögur að breytingum á samþykktum STEFs. Sú vinna hefur hvílt á Evrópunefnd STEFs, en í henni sitja *Hafdís Bjarnadóttir*, *Atli Ingólfsson* og *Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson*. Atli kom inn í nefndina í miðju ferlinu, eftir að Óttarr Proppé sagði sig frá henni þegar hann tók við embætti ráðherra. Evrópunefndin vann í góðu samráði við stjórn, sem fékk tillögur nefndarinnar reglulega til skoðunar.



Nefndin var skipuð eftir að Evrópusambandið ákvað að setja sérstaka tilskipun um réttthafasamtök, sem beindist að stjórnskipun slíkra samtaka, réttindum félagsmanna og gegnsæi. Nefndin fylgdist í byrjun með ferlinu innan ESB og í framhaldinu innleiðingu tilskipunarinnar í landslög nágrannalanda okkar. Einnig var skoðað hvernig systursamtök okkar innleiddu ákvæðin í samþykktir sínar. Nefndin ákvað fljótlega að endurskoða ekki einungis samþykktirnar í samræmi við kröfur tilskipunar ESB, heldur einnig skoða hvort færa mætti orðalag þeirra að öðru leyti til betri vegar eða til nútímahorfs. Er grunnhugsunin sú að leggja áherslu á aukið gegnsæi og lýðræði innan samtakanna.

Tillögur nefndarinnar, sem stjórn hefur samþykkt, gera m.a. ráð fyrir eftirtöldum breytingum:

- Breyting á stjórnarkjöri í 4. gr. og því að stjórn kjósi sér formann sem getur þá komið úr röðum aðildarfélaganna eða utanfélagsmanna.
- Skyldu frambjóðenda til stjórnar um að skila inn upplýsingum um hagsmunatengsl við STEF.
- Nánari útlistun á verkefnum stjórnar.
- Skyldu til að útbúa gegnsæisskýrslu.
- Skýrari og ítarlegri reglur um boðun varamanna í stjórn.
- Skýrari og ítarlegri reglur um framkvæmdastjóra og skyldu hans til að upplýsa um hagsmunatengsl við STEF.
- Breytingar á skipan fulltrúaráðs á þann hátt að alla nema tvo fulltrúa skuli kjósa í almennri kosningu, í stað þess að meirihluti þeirra sé tilnefndur af aðildarfélögum.
- Breytingar á skipan fulltrúaráðs hvað varðar fjölda sæta til handa aðildarfélögum.
- Breytingar á atkvæðisrétti við kosningar sem miða að því að hver og einn réttthafi hafi að lágmarki þrjú atkvæði, í stað eins atkvæðis og sá sem hefur flest atkvæði hefur 15 atkvæði í stað 6 áður. Á þann hátt getur hver og einn greitt fleiri aðilum sem eru í framboði atkvæði.
- Nýtt ákvæði sem gerir ráð fyrir rafrænni kosningu í fulltrúaráð.
- Ný grein um að fulltrúaráð þurfi að vera skipað að lágmarki 15 manns til að það sé ályktunarbært. Skýrari ákvæði um atkvæðisrétt innan fulltrúaráðsins.
- Skýrara ákvæði um verkefni aðalfundar fulltrúaráðs.
- Skýrari og ítarlegri ákvæði um verkefni fulltrúaráðs að öðru leyti, sem færir verulega fleiri verkefni til fulltrúaráðs frá því sem verið hefur.
- Skýrari ákvæði um formann fulltrúaráðs og hvernig hann skuli kosinn.
- Hvernig mál eru sett á dagskrá fulltrúaráðsfunda.
- Ný grein um boðun varamanna fulltrúaráðs, þannig að aðalmenn beri ábyrgð á því að boða sína varamenn.
- Nýtt ákvæði um að hægt sé að víkja meðlimum úr samtökunum, sem vinna gegn hagsmunum þeirra.
- Skýrari grein um meðferð fjármuna hvað varðar Menningarsjóð STEFs.
- Nýjar greinar um aðild að STEFi og hvað felst í henni og hvernig hægt sé að segja sig úr samtökunum.

Sérstaklega var rætt innan Evrópunefndar og stjórnar um kosti og galla þess að vera með fulltrúaráð í stað almenns aðalfundar meðlima. Var talið heillavænlegast að hafa áfram fulltrúaráð, þar sem tryggt væri að a.m.k. 21 meðlimur væri virkur innan samtakanna, en reynslan sýndi að í flestum samtökum væri afskaplega illa mætt á aðalfundi, oft bara stjórnin, sem þýddi að mjög auðvelt væri að gera hallarbyltingar af fámennum hópum.

Auðveldari skráning verka og tilkynninga

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar og eru í bígerð á heimasíðu STEFs hvað varðar bæði tilkynningar tónleikahaldara og tilkynningar tónhöfunda. Er breytingunum ætlað að auðvelda bæði sölusviði STEFs að búa til reikninga á hendur tónleikahöldurum, sem og að gera það auðveldara fyrir tónhöfunda að senda inn lagalista og að nota sama lagalista fyrir fleiri en eina tónleika. Þá eru ýmsar hugmyndir uppi um hvernig hægt sé að gera þetta enn aðgengilegra t.d. með því að höfundar geti átt innsenda lagalista vistaða á „Mínum síðum“ og þannig nálgast þá og gert á þeim breytingar til innsendingar að nýju. Að sama skapi hefur verið skoðað hvernig hægt er að þróa áfram „Mínar síður“, bæta þar við upplýsingum til höfunda og auðvelda vinnslu með upplýsingarnar, t.a.m. með því að geta flutt þær út úr kerfinu yfir í Excel-skjal. eru þetta vonandi allt verkefni sem hægt verður að ráðast í á næstunni.



Þjónustukönnun



Gerð var þjónustukönnun meðal meðlima STEFs í samstarfi við meistaranema í Háskólanum í Reykjavík. Var markmiðið að endurtaka að mestu viðlíka könnun sem fyrirtækið *RoadMap* vann fyrir STEF á árinu 2015. Eftir að hafa síð frá svör þeirra sem ekki eru meðlimir í STEFi, voru svörin alls 486 talsins. Helstu niðurstöður eru þær að almennt er mikil ánægja með þjónustu skrifstofunnar (hefur ánægjan þó dalað aðeins síðan 2015). Könnunin sýnir einnig að fleiri meðlimir eru nú í hærri tekjuprepum en 2015 og virðast tekjur STEFs nú vera almennt stærri hluti af heildartekjum meðlima. Þá vakti athygli að einungis um 20% virðast fylgjast með Facebook-síðu STEFs. Þeir sem fylgjast með síðunni eru hins vegar afskaplega ánægðir með þær upplýsingar sem

þeir fá þar. Notkun á heimasíðunni hefur einnig aukist umtalsvert á móti færri heimsóknum á skrifstofuna og símtölum. Þá er ímynd meðlima af STEFi einnig nokkuð betri nú en var fyrir tveimur árum. Almenn þekking meðlima á starfseminni hefur ennfremur aukist umtalsvert.

Hagtölur íslenskrar tónlistar

STEF tók þátt í rannsókn á hagtölum íslenskrar tónlistar og voru niðurstöður rannsóknarinnar kynntar að viðstöddum fjölmiðlum í Petersen-svítunni þann 23. mars 2018. Rannsóknin var unnin af *Rannsóknarsetri í skapandi greinum*, af **Dr. Margréti Sigrúnu Sigurðardóttur** og **Erlu Rún Guðmundsdóttur**, fyrir *Samtón* (STEF og SFH) og *ÚTÓN*, með atfylgi *Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins*. Helstu niðurstöður eru þær, að heildartekjur tónlistariðnaðarins eru um 3.5 milljarðar á ári og að tónleikahald er langmikilvægasti tekjuliður tónlistarmanna. Rannsóknin sýnir einnig, að á Íslandi er stór hópur áhugamanna í tónlist (sem hefur 40% eða

minna af heildartekjum af tónlist) og að stökkið er stórt úr áhugamennsku upp í atvinnumennsku. Ágætis fjölmiðlaumfjöllun varð um rannsóknina í kjölfarið.

Viðburðir af ýmsum toga

Menningarnótt

STEF hélt tónleika á Menningarnótt 2017 í blíðskaparveðri í garðinum að Laufásvegi 40. Mæting var góð, en fram komu þau **Jón Ólafsson**, **Hildur Kristín**, **Ragnildur Gísladóttir** og **Valdimar**. Var þetta í fjórða skiptið sem tónleikar sem þessir eru haldnir. Vegna framkvæmda að Laufásvegi 40 verður því miður ekki unnt að halda sambærilega tónleika í ágúst 2018, en stefnt er að því að halda þessari hefð áfram á árinu 2019.



Ertu þinn eiginn umboðsmaður?

Þann 23. maí 2017 hélt STEF ásamt ÚTÓN viðburð á Kex undir yfirskriftinni „Ertu þinn eiginn umboðsmaður?“ Aðalfyrirlesari var Andy Inglis frá Skotlandi, en einnig héldu erindi **Anna Ásthildur** frá ÚTÓN og **Sindri Ástmarsson** frá *Mid Atlantic*. Viðburðurinn var vel sóttur og þótti virkilega vel lukkaður.

Góð upplifun – framtíð viðskipta

Þann 24. maí 2017 hélt SENA viðburð sem STEF bauð viðskiptavinum sínum á, undir yfirskriftinni „Góð upplifun – framtíð viðskipta“, þar sem fjallað var um notkun tónlistar í verslunum. Aðalfyrirlesari var **Valentina Caneloro** alþjóðamarkaðsstjóri *Mood Media*, en einnig héldu erindi **Aðalsteinn Pálsson** framkvæmdastjóri *ATMO Select*, **Einar Baldvin Arason**, tónlistarstjóri *Aurora Stream* og **Margeir Steinar Ingólfsson**. Ráðstefnan var ágætlega sótt og var afskaplega fróðleg.

Höfundaréttarstefna - málþing

Vel sótt málþing um höfundaréttarstefnu var haldið í samstarfi við BÍL og önnur höfundaréttarsamtök í Norræna húsinu þann 22. september 2017. Málþingið þótti vel lukkað og sóttu það nokkrir þingmenn, sem og ráðuneytisfólk. Úr þessu varð til góður grunnur að höfundaréttarstefnu og vonandi mun mennta- og menningarmálaráðuneytið fylgja málinu eftir í framhaldinu. Meðal þess sem fundarmenn voru einhuga og áfram um, var mikilvægi þess að höfundaréttartekjur yrðu réttléga flokkaðar sem fjármagnstekjur. Var eftir því tekið, að í stjórnarsáttmála ríkistjórnar **Katrínar Jakobsdóttur** tveimur mánuðum síðar, er sérstaklega kveðið á um þessa breytingu. Vonandi verða efndir á því ákvæði, en þetta hefur verið baráttumál höfunda um áraradiðir.

Útgáfa nótna og umboðsmennska

Vinnustofa um útgáfu nótna og umboðsmennsku var haldin í samstarfi við TÍ og Tónverkamiðstöð í Hannesarholti þann 5. október s.l. Vinnustofan var vel sótt og sérstakur gestur hennar var **Susanna Eastburn** frá *Sounds & Music* í Bretlandi.

Vinnustofur með tónlistarráðgjöfum

Vinnustofur (e. work-shop) STEFs og ÚTÓN voru haldnar í tengslum við *Airwaves*-hátíðina þann 2. nóvember 2017. Þarna gafst meðlimum STEFs tækifæri til að hitta nokkra erlenda tónlistarráðgjafa sem starfa við að finna tónlist fyrir kvikmyndir, sjónvarpsþætti og auglýsingar (e. sync). Aðsókn var mjög góð og ekki reyndist unnt að koma öllum að. Þessar vinnustofur hafa á síðustu árum gefið mjög góða raun og geysimikil ánægja hefur verið með þær hjá þeim sem þær hafa sótt.

Dagur íslenskrar tónlistar

STEF stóð að hátíðardagskrá í Hörpu á *Degi íslenskrar tónlistar* þann 8. desember 2017, undir formerkjum Samtóns. Við það tilefni sungu viðstaddir saman þrjú íslensk lög (*Ef engill ég væri með vængi*, *Lítu sérhvert sólarlag* og *Gefðu allt sem þú átt*) og var söngnum útvarpað samtímis á öllum stærstu útvarpsstöðvum landsins. Þá var afhent heiðursviðurkenningin „Lítill fugl“, sem að þessu sinni kom í hlut **Jóns Ólafssonar**.




Íslensku tónlistarverðlaunin



STEF stendur að *Íslensku tónlistarverðlaununum* ásamt SFH undir merkjum Samtóns. Voru þau afhent við hátíðlega athöfn í Hörpu þann 14. mars 2018. Má segja að stjarna kvöldsins hafi verið **Daniel Bjarnason** sem varð fyrstur til að hljóta sérstaka viðurkenningu Samtóns og ÍTV fyrir framlag til íslenskrar tónlistar, en að auki hlaut Daniel þrenn verðlaun. „Hljómsveit allra landsmanna“, **Stuðmenn**, hlutu heiðursverðlaun Samtóns. Í flokki popp- og rokktonlistar komu **Nýdönsk** og **Mammút**, sáu og sigruðu.

Ráðstefna um höfundarétt og gervigreind

STEF hélt ráðstefnu um höfundarétt og gervigreind þann 22. mars 2018. Frummælendur voru **David Sidebottom** frá *Futuresource* í Bretlandi, **Lára Herborg Ólafsdóttir** lögmaður, **Baldur Baldursson** frá CCP, **Wim Van Limpt** framkvæmdastjóri *Buma Stemra* (systurfélags STEFs í Hollandi) og **Kjartan Ólafsson** sem kynnti *Calmus*. Undir lok ráðstefnunnar tóku viðstaddir þátt í að búa til tónlist með hjálp gervigreindar og var afraksturinn fluttur samtímis af tveimur hljóðfæraleykurum. Um er að ræða afskaplega forvitnilegt umræðuefni, sem mun án efa koma til með að hafa mikil áhrif á það hvernig tónlist er búin til og hennar notið, auk þess sem þessi tækni mun vafalaust vekja upp spurningar um höfundarétt.



Afmæli STEFs

70 ára afmæli STEFs var haldið hátíðlegt í Iðnó þann 18. apríl 2018. Veislustjóri var **Jakob Frímann Magnússon**. Hljómsveitin **Eva** flutti tvö lög, sýnd var kvikmyndin *Stef um STEF* sem framleidd var á 50 ára afmæli STEFs 1998. Framkvæmdastjóri flutti stutt ávarp. **Dísella Lárusdóttir** og **Steinunn Birna Ragnarsdóttir** fluttu lagið *Ave María* eftir Sigvalda Kaldalóns, sem er verk nr. 1 í gagnagrunni STEFs. **Atli Heimir Sveinsson** var sæmdur heiðursmerki STEFs. Hljómsveit **Guðmundar Óskars** flutti ásamt söngvurunum **Sigurði Guðmundssyni** og **Sigríði Thorlacius** að lokum syrpu sjö laga, eitt frá hverjum áratug í starfi STEFs.



Fræðslukvöld með ÚTÓN um samningagerð í tónlistargeiranum

Þann 22. maí s.l. héldu STEF ásamt ÚTÓN fræðslukvöld í Petersen-svítunni, um samningagerð í tónlistargeiranum. Aðsókn var mjög góð, en auk þess var viðburðinum streymt á Facebook. Framkvæmdastjóri STEFs hélt þar erindi auk *Sindra Ástmarssonar* frá Mid Atlantic.

Eintakagerð til einkanota - IHM

Tekjur frá IHM (Innheimtumiðstöð réttthafa) hafa í gegnum árin verið mikilvægur tekjustofn fyrir STEF. Tekjurnar eru annars vegar vegna eintakagerðar til einkanota og hins vegar vegna endurvarps sjónvarps. Á síðasta degi Alþingis 2017 tókst að fá fjárlaganefnd til að samþykkja útstandandi kröfu IHM á ríkið vegna greiðslu fyrir eintakagerð til einkanota vegna ársins 2016. Fjármálaráðuneytið hafði túlkað lög sem sett voru 2016 --- sem veittu rétthöfum sanngjarnar bætur um 250 milljónum kr. á ári --- á þann hátt að einungis skyldi greitt fyrir tímabilið október til desember. Barst greiðsla rétt í tæka tíð fyrir úthlutun STEFs í desember 2017 og því var tékkinn frá STEFi til meðlima aðeins hærri í ár en undanfarin ár.

Stjórn IHM tók ákvörðun um að úthluta greiðslu ríkisins til aðildarfélaga á þann hátt að nota meðaltal úthlutana á fjórum árum (annað hvert ár á átta ára tímabili). Þá var ákveðið að halda eftir 20% af fénu til bráðabirgða, vegna óvissu um kröfur einstakra aðildarfélaga og vegna rekstrar samtakanna. Í hlut STEFs kom um 20% fjárins, um 38 milljónir króna, sem úthlutað var. Stjórn STEFs ákvað í framhaldinu að því fé yrði úthlutað með þeim hætti, að tekið væri meðaltal úthlutanna til höfunda síðustu þrjú árin, þannig að milljónunum 38 var úthlutað hlutfallslega í samræmi við það.

Á árinu afréð stjórn IHM að fara í samstarf við Gallup við gerð stórrar könnunar á eintakagerð almennings, sem hægt væri að hafa hliðsjón af við framtíðarskiptingu tekna á milli aðildarfélaga IHM, en ljóst er að aðildarfélögin sætta sig ekki við að nota eldri skiptingarhlutföll til framtíðar. Á árinu var einnig undirritaður samningur við RÚV um að RÚV muni fela IHM innheimtu og hagsmunagæslu fyrir sig, hvað varðar línulegt sem ólínulegt endurvarp á sjónvarpsefni þeirra í samningum við símafyrirtækin. Í því skyni óskaði IHM eftir viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins til gerðar samningskvaðaleyfasamninga, bæði hvað varðar ólínulegt endurvarp sem og endurnotkun eldra efnis í safni útvarps- og sjónvarpsstöðva.

Fjölís

Fjölís hefur náð samkomulagi við *Landsamband Blandaðra Kóra (LBK)* og *Gíggjuna*, landssambands kvennakóra, um að gera einn samning við hvor samtök. Samningar verða undirritaðir að loknum aðalfundum þeirra í haust. Þetta þýðir að landssamböndin munu innheimta samningsbundnar greiðslur hjá sínum aðildarkórum. Samningarnir byggja á þeim tilboðum sem Fjölís gerði landssamböndunum 2017. Innifalin í samningum er heimild til að afrita stafrænt og dreifa rafrænt innan lokaðra kerfa. Ekki er tiltekinn blaðsíðufjöldi inn í því, heldur fast gjald og áfram er miðað við að eingöngu sé afritað efni sem er „ítarefni“, ófánlegt o.s.frv. Þegar landssamböndin taka þetta yfir nær Fjölís til allra kóra, en ekki bara sumra og fær aukinn slagkraft með því. Samböndin sjá líka um alla upplýsingagjöf um fjölda kóra, kórmeðlima o.s.frv. LBK kórarnir eru líka hrein viðbót, enda hafa þeir verið samningslausir. Reynt hefur verið að ná samskonar samningi við Landssamband karlakóra, en lítið verið um svör þaðan þar sem stjórnin virðist óvirk.

Ráðstöfun menningarframlags STEFs af hálfu aðildarfélaga 2017

Greinargerð frá Tónskáldafélagi Íslands (TÍ)

Menningarframlag STEFs til Tónskáldafélags Íslands er að mestum hluta ráðstafað til daglegs reksturs Tónskáldafélagsins, t.d. kostnað við hýsingu vefsíðu, kostnað við frágang bókhalds og gerð ársreikninga, almenns skrifstofukostnaðar, kostnað við að halda úti stjórn og greiða formanni þóknun fyrir framkvæmdastjórástörf. Allur afgangur og öll framlög frá STEFi umfram mánaðarlegt rekstrarframlag rennur til reksturs tónlistarhátíðarinnar Myrka músíkdaga. Það skal einnig tekið fram að framkvæmdastjórástörf formanns eru að stórum hluta vinnuframlag við Myrka músíkdaga. Á fimm ára fresti bætist síðan ofan á hátíðarreksturinn, því þá eru Norrænir músíkdagar haldnir hér á landi. Tónskáldafélagið ber ábyrgð á rekstri þeirra og fjármagnar hátíðina að fullu í hvert sinn. Árið 2016 voru Norrænir músíkdagar haldnir á Íslandi og þyngdi það róður Tónskáldafélagsins verulega, vegna þess að menningarframlag STEFs er eina fasta fjárstreymi til félagsins. Þó nokkurt tap var á rekstri hátíðarinnar, en ágætlega gengur að vinna félagið út úr því.

Um Myrka músíkdaga

Myrkir músíkdagar er einn mikilvægasti vettvangur framsækinnar nútímatónlistar á Íslandi. Hátíðin hefur fyrir löngu skapað sér virðingarsess í íslensku tónlistarlífi og vekur athygli langt út fyrir landsteinana. Hlutverk hátíðarinnar er að vera vettvangur til kynningar og flutnings samtímatónlistar með áherslu á nýja íslenska tónlist og flytjendur í bland við erlend verk og erlenda flytjendur. Árlega er boðið upp á fjölda ólíkra tónlistarviðburða sem endurspeglar margbreytileika tónlistar í okkar samtíma. Áhersla er lögð á frumsköpun og tilraunastarfsemi en frumflutningur tónverka er áberandi á dagskránni. Hátíðin hefur veitt birtu inn í menningarlíf Íslendinga í mesta skammdegi ársins í 36 ár.

Þorkell Sigurbjörnsson og Atli Heimir Sveinsson stofnuðu hátíðina árið 1980 í nafni Tónskáldafélags Íslands en félagið hefur staðið að hátíðinni alla tíð. Tilgangur Myrka músíkdaga var að leggja rækt við íslenska tónlist, frumflytja ný íslensk verk auk þess að flytja erlend samtímaverk sem þóttu eiga erindi. Hátíðin hefur tekið á sig margvísleg form í gegnum árin, en samhliða fjölbreyttri tónleikadagskrá hefur verið boðið upp á ýmsa tónlistartengda viðburði, svo sem sýningu á handritum tónskálda, fyrirlestra um tónskáld og samtímatónlist o.fl. Þá hafa ný tónverk verið sérþöntuð af tónskáldum og efnt hefur verið til samstarfs um tónleikahald við félög og stofnanir. Dagskrá og heildarsvipur hátíðarinnar hefur þróast með margvíslegum hætti þótt hátíðin byggji enn í dag á þeim grunni sem lagður var árið 1980 og ákveðnar hefðir hafi myndast.

Hátíðin í dag

Hátíðin er haldin ár hvert í lok janúar og hefst iðulega síðasta fimmtudag janúarmánaðar. Markmið þess að halda hátíð í janúar er að byggja upp viðburðadagskrá þegar fátt annað er um að vera í menningarlífi landsins. Hátíðin leggur sem fyrr segir áherslu á að vera vettvangur fyrir frumsköpun og tilraunastarfsemi. Því vegur frumflutningur framsækinnar samtímatónlistar þyngst á efnisskránni ár hvert. Hlutur endurflutnings yngri íslenskra verka og erlendra verka er einnig fyrirferðarmikill.

Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til að efna til virkara samtals við áheyrendur í formi fræðslu og kynningar á samtímatónlist, t.d. með sýningu á handritum tónverka eins og greint var frá hér áðan, en einnig með fyrirlestrum, pallborðsumræðum, tónleikaspjalli og á síðustu árum í formi beinna fræðslutengdra viðburða. Má þar nefna sérstaklega samstarf hátíðarinnar við Töfrahurð, tónleikaraðar fyrir börn. Tveir viðburðir á hátíðinni ár hvert eru skipulagðir af Töfrahurð. Annars vegar er sérstakur viðburður þar sem útvalin tónskáld af tónleikadagskránni kynna verk sín fyrir börnunum og þau fá svo að spyrja tónskáld og flytjendur spurninga. Þá er auk þess frumflutt barnaópera þar sem allir höfundar eru íslenskir.

Viðburðir sem ekki falla innan hins hefðbundna tónleikaforms eiga iðulega sitt pláss á hátíðinni, t.d. innsetningar í opnu rými þar sem hver og einn getur gengið inn og út og notið á sinn hátt.

Hlutverk Myrkra músíkdaga í kynningu á íslenski tónlist er ótvírætt. Á hverju ári heimsækja hátíðina fulltrúar erlendra fjölmiðla auk útgefenda og listrænna stjórnenda, hljómsveita og kammerhópa. Hún er því einnig vettvangur alþjóðlegrar tengslamyndunar, sem er afar mikilvægt fyrir íslenska tónlistarmenn, bæði tónskáld og flytjendur. Íslensk tónverkamiðstöð, Útón og Íslandsstofa hafa stutt verulega við þennan hluta hátíðarinnar. Listaháskóli Íslands hefur einnig iðulega tekið þátt í þessu alþjóðlega samstarfi og hefur erlendum tónskáldum sem heimsækja skólann sem gestaprófessorar á þessum árstíma einnig verið boðið á hátíðina og hafa erlendir gestir hátíðarinnar á móti farið inn í Listaháskólann og flutt erindi eða haldið vinnustofur þar. Þetta hefur skilað sér í umfjöllun í mörgum vel þekktum erlendum fjölmiðlum, m.a. The Guardian og Neue Zeitschrift für Musik.

Ekki má gleyma þeim íslensku fjölmiðlum sem fjalla um hátíðina ár hvert. Morgunblaðið og Fréttablaðið hafa birt greinar, viðtöl, gagnrýni og almenna umfjöllun. Fréttatilkynningar og greinar birtast alla jafna í Grapevine og fleiri miðlum. Stærstur er þó óumdeilanlega hlutur Ríkisútvarpsins. RÚV hefur verið í samstarfi við hátíðina frá upphafi og valið tónleika af dagskránni til að hljóðrita og flytja á Rás 1 ásamt umfjöllun. Hátalarinn, Menningin/Kastljós og aðrir fastir þættir með áherslu á menningarumfjöllun hafa fjallað um hátíðina auk þess sem fréttastofan hefur af og til litið í heimsókn. Þá hefur pöntun tónverka á hátíðinni oft verið fjármögnuð af Tónskáldasjóði RÚV.

Sinfóníuhljómsveit Íslands opnar Myrka músíkdaga ár hvert með glæsilegum tónleikum í Eldborg þar sem flutt eru íslensk hljómsveitarverk, en Sinfónían hefur verið fastur samstarfsaðili frá upphafi.




Rekstrarfyrirkomulag



Hátíðin Myrkir músíkdagar hefur frá upphafi verið rekin af Tónskáldafélagi Íslands. Til að auka bæði sjálfstæði og gagnsæi var ákveðið að stofna einkahlutafélag um rekstur hátíðarinnar og er Tónskáldafélag Íslands eigandi þess. Stofnun félagsins er í ferli hjá Ríkisskattstjóra þegar þetta er ritað. Samfara þessari breytingu var ákveðið að breyta fyrirkomulagi varðandi listrænan stjórnanda hátíðarinnar, en hingað til hefur formaður Tónskáldafélags Íslands gegnt því starfi. Til að auka sjálfstæði hátíðarinnar og til að tryggja sanngirni í vali á verkefnum inn á hátíðina var ákveðið að auglýsa eftir listrænum stjórnanda fyrir árið 2017. Auglýst var eftir umsóknum á vef Tónskáldafélagsins sem og á samfélagsmiðlum Myrkra músíkdaga. Gunnar Karel Músson, tónskáld var ráðinn listrænn stjórnandi hátíðarinnar og hefur samningur við hann verið framlengdur.

Greinargerð frá Félagi tónskálda og textahöfunda (FTT)

Menningarframlag STEFs:	8.520.525	Útgjöld:	
		Laun og launatengd gjöld	4.803.039
		Rekstur sameignar	689.351
		Sími og tónlistarveitur	142.896
		Viðhald áhalda og tækja	174.881
		Pappír, prentun og hönnun	475.906
		Tölvukerfi	246.986
		Auglýsingar og burðargjöld	59.926
		Endurskoðun, bókhald	490.420
		Aðildagjöld, árgjöld	144.040
		Risna og gjafir	417.709
		Ferðakostnaður og dagp.	136.703
		Kostn. v. viðburðahalda	1.332.531
		Samtals:	9.114.388


Nokkrar lykiltölur úr ársreikningi STEFs 2017






SKIPTING REKSTRARTEKNA 2017


Samtals kr. 755.849.538



SKIPTING INNLENDRA FLUTNINGSTEKNA 2017

Samtals kr. 517.399.645







Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar